

anda, Presti Ingvarssyni, kr. 1.750.00 með 31% ársvöxtum frá 22. janúar 1980 til 1. júní 1980, 35% ársvöxtum frá þeim degi til 18. september 1980, 46% ársvöxtum frá þeim degi til 1. mars 1981 og 42% ársvöxtum frá þeim degi til uppsögu dóms þessa og síðan með hæstu innlánsvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, eins og þeir verða á hverjum tíma.

Málskostnaður fellur niður.

Fimmtudaginn 16. desember 1982.

Nr. 239/1982. Ákærvaldið

gegn

Ágústu Guðlaugu Guðmundsdóttur.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Logi Einarsson og Björn Sveinbjörnsson og Guðmndur Jónsson, settur hæstaréttardómari.

Ásgeir Friðjónsson, sakadómari í ávana- og fíkniefnamálum, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar með kæru 11. desember 1982, sem barst Hæstarétti 13. s. m. Krefst hún þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Ríkissaksóknari krefst staðfestingar úrskurðarins.

Með vísan til forsendna hins kærða úrskurðar ber að staðfesta hann.

D ó m s o r ð :

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Úrskurður sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum 11. desember 1982.

Ár 1982, laugardaginn 11. desember, var háð dómþing sakadóms í ávana- og fíkniefnamálum að Hverfisgötu 113, Reykjavík, af

Ásgeiri Friðjónssyni við undirritaða votta og þá upp kveðinn úrskurður þessi.

MÁLSATVIK.

Skömmu eftir miðnætti miðvikudaginn 10. nóvember sl. og að fengnum úrskurði gerði lögreglan í Reykjavík leit að sakargögnum varðandi ætlað fíkniefnamisferli Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, á efstu hæð að Laugavegi 43 hér í borg.

Fundust við leit þessa margvísleg merki um meðhöndlun fíkniefna af ýmsum tegundum.

Auk Ágústu Guðlaugar voru nafngreindir 5 aðiljar, sem á ofangreindum tíma bjuggu eða dvöldu að Laugavegi 43.

Ágústa Guðlaug var kl. 2350 þann 10. nóvember sl. hér við embætti úrskurðuð í allt að 30 daga gæsluvarðhald. Þeirri ákvörðun var með kæru skotið til Hæstaréttar Íslands næsta dag, en þar staðfest 17. nóvember sl. með dómi í máli nr. 218/1982.

Úrskurður þessi var að öðru fremur byggður á framburðum tveggja aðilja:

I. Rúnar Birgir Sigurðsson, fæddur 5. febrúar 1962: Lýsti í lögregluþingmálsgerð 10. nóvember sl. og síðar sama dag hér fyrir dómi meintum margítrekuðum kaupum kannabisefna af Ágústu Guðlaugu tímabilið júní—okt. sl. og samtals þannig um 350 gr hassefna, en þess utan um 50 gr af hassolíu og endursölu þeirra efna til margra nafngreindra aðilja.

II. Jón Heiðar Reynisson, fæddur 18. febrúar 1958: Kvaðst í lögregluþingmálsgerð 9. og 10. nóvember sl. og hér fyrir dómi síðarnefndan dag hafa nærri mánaðamótum sept.—okt. sl. tekið að útvega ýmsum nafngreindum aðiljum kannabisefni frá Ágústu Guðlaugu áður nefndri og heildarmagn slíkra viðskipta fram til handtöku Jóns Heiðars orðið 200—300 gr af hassefnum, en þess utan um 10 gr af hassolíu.

Þann 16. nóvember sl. var yfirheyrður hjá lögreglu Gunnar Guðmundsson, fæddur 15. desember 1965. Kvaðst Gunnar þessi þá tímabilið júlí—nóv. sl. í mörgum smáum skömmtum og fyrir framlagsfé margra ónafngreindra aðilja hafa sótt til Ágústu Guðlaugar og að Laugavegi 43 samtals um 300 gr af hassolíu að verðmæti 700 kr. hvert gramm og 300—400 grömm af hassefnum, að mestum hluta verðlögðum á kr. 250 pr. gramm. Nefndur Gunnar nafngreindi Rúnar Bergsson, sambýlismann Ágústu Guðlaugar,

sem vitneskjuaðilja um ofangreind viðskipti síðustu vikur fyrir handtöku Gunnars Guðmundssonar.

Næsta dag, eða 17. sl., var nefndur Gunnar yfirheyrður hér fyrir dómi, en breytti þá verulega áðurnefndum framburði. Taldi hann sig þá ofangreint tímabil og af Ágústu Guðmundsdóttur að mestu fyrir framlagsfé ónafngreindra aðilja hafa samtals keypt 600—700 grömm af hassi og nálægt 50 grömmum af hassólíu.

Rúnar Bergsson, fæddur 2. febrúar 1958, áðurnefndur sambýlismaður Ágústu Guðlaugar, var yfirheyrður hjá lögreglu og hér fyrir dómi þann 10. nóvember sl., en þess utan hjá lögreglu þann 17. og 18. nóvember sl. Rúnar þessi bar í lögreglu yfirheyrslu 17. nóvember sl. um vitneskju sína varðandi ítrekuð hass- og hasólíukaup áðurnefnds Gunnars Guðmundssonar af Ágústu G. Guðmundsdóttur, en taldi sig ekki vita um efnismagn eða fjárhæðir í því sambandi.

Að ofangreindu er efnislega vikið í kröfu- og greinargerð Arngríms Ísberg, fulltrúa lögreglustjórans í Reykjavík, sem fram var lögð hér fyrir dómi kl. 1630 í gær. Með þeim hætti og sem nánar verður rakið hér á eftir er rökstudd krafa lögreglu um, að framlengd verði í allt að 30 dögum ofangreind gæsluvarðhaldsvist Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur.

Þar er og vikið að þeirri afstöðu Ágústu Guðlaugar, sem ráðin verður af framlögðum gögnum varðandi lögreglu yfirheyrslur 10., 12., 16. og 24. fyrri mánaðar, að nýta með eindregnum hætti þann rétt að tjá sig í engu um ætlað sakarefni.

Sérstaklega aðspurð í lögreglu yfirheyrslu 29. nóvember sl. um meinta meðhöndlun fíkniefna að Laugavegi 43 og hver hafi verið uppruni hinna ýmsu ætluðu fíkniefna, er þar fundust við ofangreinda húsleit, viðurkenndi Ágústa Guðlaug að hafa um mánaðamótin maí—júní sl. í Kaupmannahöfn keypt um 10 gr af hassólíu og skömmu síðar með sér flutt hingað til lands. Af þessu efnismagni kvaðst Ágústa Guðlaug þann 9. nóvember sl. og að Laugavegi 43 hafa átt eftir 3—5 gr, er ofangreind húsleit varð.

Samkvæmt margnefndri kröfugerð og framlögðum gögnum var Ágústa Guðmundsdóttir enn yfirheyrð af lögreglu 3., 7., 8. og 9. þessa mánaðar og hélt þá fast við ofangreint, en neitaði að kannast við nöfn nokkurs þeirra, er hér að ofan eru taldir og báru Ágústu Guðlaugu verulegum sökum.

Þá var Ágústa Guðlaug yfirheyrð hér fyrir dómi í gær, en bar þar af sér allar sakir utan daglega meðhöndlun kannabisefna til eigin nota.

Þann 13. nóvember sl. handtók dönsk lögregla á Kastrupflugvelli James Leonard Davies, fæddan 1. ágúst 1950, er reyndist hafa í sínum fórum 348 gr af hassolíu og á leið hingað til lands að sögn í því skyni að afhenda greind efni.

Samkvæmt áritunum í vegabréf Davies þessa hefur hann áður haft stutta viðdöl ítrekað hérlendis, nánar svo:

KOMA:	BROTTFÖR:
1) 15. apríl 1982	18. apríl 1982
2) 27. apríl 1982	1. maí 1982
3) 22. maí 1982	25. maí 1982
4) 16. júní 1982	17. júní 1982
5) 7. september 1982	14. september 1982

Lögreglurannsókn hérlendis og í Kaupmannahöfn hefur að undanfögnu beinst að hugsanlegum tengslum Ágústu Guðlaugar og James Leonard Davies, að því er virðist m. a. vegna þess, að þann 14. september sl. var notaður á leiðinni Reykjavík-Kaupmannahöfn flugfarmiði, sem hljóðan samkvæmt var keyptur og greiddur á nafn Ágústu Guðlaugar, en Davies áður nefndur mun hafa upplýst, að hann hafi þann dag haldið utan með íslenskri vinstúlku. Þá er talið væntanleg hingað til lands í dag nafngreind íslensk stúlka, sem lýsingu samkvæmt er grunuð um að hafa í farmiðasölu í Kaupmannahöfn fengið breytt áður greindum flugfarmiða James Leonard Davies skömmu fyrir ráðgerða hingaðkomu hans þann 13. nóvember sl.

NIÐURSTÖÐUR.

Verið er að rannsaka ætluð brot Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur gegn lögum nr. 65/1974 og reglugerð nr. 390/1974, þannig að sök gæti, ef sönnuð teldist, varðað hana fangelsisrefsingu. Þykja því ákvæði 65. gr. stjórnarskrár nr. 33/1944 eigi til fyrirstöðu beitingu gæsluvarðhalds í þessu sambandi.

Ágústa Guðlaug er samkvæmt ofanskráðu af mörgum aðiljum borin verulegum sökum og hefur þegar í þágu rannsóknar vegna þess sætt langvarandi frelsisskerðingu og einangrun.

Ágústa Guðlaug hefur mikinn hluta þess tíma notað skýlausan rétt sinn til að neita alfarið að tjá sig um ætlað sakarefni, en eftir það viðurkennt og haldið fast við lítinn hluta misferlis.

Svo sem gögn á þessu stigi liggja fyrir, þykir lögreglurannsókn eftir atvikum hafa verið rekin eðlilega og hnökralaust, enda hefur

dómari kynnt sér, að lögregluskýrslur varðandi rannsókn þessa eru frá 10. nóvember sl. orðnar fast að 250 bls.

Með vísan til þess, annars ofanritaðs svo og 1. mgr. 1. tölul. 67. gr. laga nr. 74/1974 þykir í þágu rannsóknar máls þessa rétt að verða við framkominni kröfu lögreglu og framlengja áður ákvarðaða gæsluvarðhaldsvist Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur um allt að 20 dögum frá 10. desember 1982, kl. 2350, að telja.

Úrskurðarorð:

Framlengt er um allt að 20 dögum frá kl. 2350 þann 10. desember 1982 að telja gæsluvarðhald Ágústu Guðlaugar Guðmundsdóttur, fæddrar 8. maí 1960, til heimilis að Lauga-vegi 43, Reykjavík.

Mánudaginn 20. desember 1982.

Nr. 50/1982. **Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun,**
 gegn
Herði Ólafssyni.

Hafning máls. Málskostnaður.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Þór Vilhjálmsson, Ármann Snævarr og Halldór Þorbjörnsson.

Með stefnu 23. febrúar 1982 skaut Hörður Ólafsson hæstaréttarlögmaður til Hæstaréttar máli, sem dæmt hafði verið á bæjarþingi Reykjavíkur 25. nóvember 1981 og Guðbjörn Guðjónsson, heildverslun, hafði höfðað gegn honum. Mál Harðar fékk í Hæstarétti auðkennistölu 43/1942. Gagnáfrýjað var 2. mars og gagnsökin auðkennd 50/1982. Var hún sameinuð aðalsök. Á dómþingi Hæstaréttar 1. nóvember sl. var sótt þing af hálfu beggja aðilja og því yfir, að Hörður Ólafsson félli frá áfrýjun. Af hálfu heildverslunarinnar var krafist ómaksbóta í aðalsök, en staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar í gagnsök. Aðalsök var felld niður með bókun